



Lúxemborg, 16. júlí 2012

FRÉTTATILKYNNING 9/2012

Dómur í máli E-9/11 *Eftirlitsstofnun EFTA gegn Noregi*

MEÐ LAGAÁKVÆÐUM UM TAKMARKANIR Á EIGNARHALDI OG ATKVÆÐISRÉTTI Í KAUPHÖLLUM OG FYRIRTÆKJUM SEM ANNAST VERÐBRÉFASKRÁNINGU HEFUR NOREGUR VANRÆKT SKYLDUR SÍNAR SAMKVÆMT 31. OG 40. GR. EES-SAMNINGSINS.

Með dómi sem kveðinn var upp í dag komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að norska ríkið hefði brotið í bága við ákvæði 31. og 40. gr. EES-samningsins, um rétt til stofnsetningar og frjálst flæði fjármagns, með því að viðhalda lagaákvæðum um takmarkanir á réttindum einstaklinga og lögaðila í öðrum EES-ríkjum til að eiga eignarhluti og fara með atkvæðisrétt í lögaðilum sem mynda grunnvirki fjármálaþjónustu í Noregi.

Reglurnar sem um ræðir, þ.e. ákvæði 1. – 3. mgr. 35. gr. og 36. gr. í norsku kauphallarlögunum, og ákvæði 1. – 3. tölul. 3. mgr. 5. gr. og 4. mgr. 5. gr. í norsku lögunum um verðbréfaskráningu, kveða á um bann við því að aðili eigi meira en 20% af heildaratkvæðamagni í kauphöllum eða fyrirtækjum sem annast verðbréfaskráningu. Jafnframt er þar kveðið á um bann við að aðili fari með meira en 20% heildaratkvæðamagns í slíku félagi eða 30% þeirra hlutabréfa sem nýtt eru á aðalfundi félags.

Þessi löggjöf byggir á svonefndu tvíþætta kerfi. Samkvæmt því er greinarmunur gerður á hluthöfum eftir starfsemi þeirra og þeirri áhættu sem kann að vera fyrir hendi gagnvart sjálfstæði og hlutleysi stofnunar og því að hún starfi á heiðarlegan hátt. Heimilt er að veita hluthöfum, sem að mestu leyti starfrækja eða eiga skipulegan markað, verðbréfaskráningu eða sams konar starfsemi, undanþágu frá fyrrnefndu hámarki, svo fremi sem þeir standast hæfismat. Aðrir hluthafar eru bundnir af meginreglu sem kveður á um afdráttarlaust þak á fjölda eignarhluta, en eiga þó kost á undanþágum sem koma aðeins til skoðunar í algerum undantekningartilvikum og þá til takmarkaðs tíma.

Markmið hinna umdeildu ráðstafana er að stuðla að heilbrigði og skilvirkni fjármálamarkaða með því að veita vernd gegn hagsmunaárekstrum og dulinni misbeitingu valds í stofnunum sem mynda grunnvirki á umræddu sviði auk þess að tryggja sjálfstæði, hlutleysi og heiðarlega starfsemi þessara mikilvæga lögaðila.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að hið tvíþætta kerfi fæli í sér takmörkun á rétti til stofnsetningar og frjálssu flæði fjármagns samkvæmt 31. og 40. gr. EES-samningsins. Enn fremur taldi dómstóllinn að markmið umræddra ákvæða landsréttar fælu í sér lögmæt sjónarmið í þágu almannahagsmuna, sem réttlætt gætu reglur landsréttar sem fælu í sér takmörkun á fyrrnefndum réttindum samkvæmt EES-samningnum. Þá taldi dómstóllinn einnig að viðkomandi reglur norsks réttar væru til þess fallnar að ná markmiðinu um vernd almannahagsmuna.

Sú spurning vaknaði því hvort hið tvíþætta kerfi væri nauðsynlegt. Dómurinn taldi ljóst að rekstraraðilar, sem hefðu ekki að stærstum hluta með höndum starfrækslu eða eignarhald á skipulegum markaði, eða sams konar starfsemi, væru að meginstefnu útilokaðir frá því að eiga meira en 20% hlutafjár kauphallar. Enn fremur væru þeir bundnir af hliðstæðri takmörkun á atkvæðisrétti á aðalfundum kauphallar. Þá ættu takmarkanir sama efnis við varðandi eignarhald og atkvæðisrétt í fyrirtækjum sem annast verðbréfaskráningu.

Dómstóllinn taldi að Noregur hefði ekki sýnt nægjanlega fram á að ekki væri hægt að ná sama markmiði um vernd almannahagsmuna á jafn árangursríkan hátt með annars konar eftirliti. Hið tvíþætta kerfi gengi lengra en nauðsyn krefði til að ná markmiði sínu. Í því samhengi rakti dómurinn að eignarhald hlutabréfa, sem færi í bága við umræddar reglur norsks réttar, gæti leitt til þvingaðrar sölu hlutabréfanna.

Dómstóllinn taldi líklegt að aðrar ráðstafanir en umrætt fyrirkomulag norsks réttar myndu fela í sér hóflegri takmarkanir og teljast innan marka EES-samningsins og samtímis reynast jafn skilvirkar við að ná fram markmiði um ríka vernd á borð við þá sem sóst væri eftir. Til dæmis fæli kerfi, byggt á hæfismati svipað því sem nú ætti við um takmarkaðan hóp rekstraraðila samkvæmt landsrétti og sem aðlagð væri að sérstökum aðstæðum á norska markaðnum og að þeim sérstöku viðskiptum sem færu fram af hálfu kauphalla og fyrirtækja í verðbréfaskráningu og að þeim lögmætu almannahagsmunum sem stefnt væri að, í sér hóflegri takmarkanir en væri samtímis jafn skilvirkt. Enn fremur þyrftu öll kerfi landsréttar, sem ætlað væri að innleiða viðauka EES-samningsins, að samræmast almennum meginreglum EES-réttar.

Loks taldi dómstóllinn að svigrúm til mats og óskýrleiki varðandi umfang þeirrar undanþágu, sem ætti einnig við um þá rekstraraðila sem hefðu ekki að stærstum hluta með höndum svipaða grunnvirkisstarfsemi og þeir aðilar sem um ræddi í málinu, færi í bága við meginregluna um réttarvissu.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.